

RÍKISENDURSKOÐUN

# Ríkislögreglustjóri

Fjárreiður, stjórnsýsla og stjórnarhættir

Eftirfylgni 2023



Desember 2023

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samantekt og niðurstöður .....	4
Ríkislögreglustjóri. Fjárreiður, stjórnsýsla og stjórnarhættir .....	5
Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 og viðbrögð .....	5

# Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

# Samantekt og niðurstöður

Skýrslan var unnin eftir beiðni frá embætti ríkislögreglustjóra um að Ríkisendurskoðun framkvæmdi stjórnarsýsluúttekt á rekstri bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Leitað var eftir afstöðu dómsmálaráðuneytis til þessa og í kjölfarið ákvað ríkisendurskoðandi að gera úttekt á embætti ríkislögreglustjóra í heild sinni. Hún laut að fjárreiðum, stjórnarsýslu og stjórnarháttum embættisins en markmiðið var að kanna hvernig ríkislögreglustjóri sinnir þeim verkefnum sem honum eru falin samkvæmt lögum eða sérstökum samningum. Sérstaklega var horft til verklags og stjórnunar innan embættisins og samskipta þess við önnur lögregluembætti. Þá var áhersla lögð á rekstur bílamiðstöðvar lögreglu sem lögð var niður meðan á úttekt Ríkisendurskoðunar stóð. Jafnframt var ákveðið að skoða rekstur löggæslu í heild sinni með það að markmiði að kanna hvort unnt væri að ná fram aukinni hagkvæmni og skilvirkni í skipulagi löggæslu í landinu. Þá var litið til þróunar í skipulagi löggæslu í nágrennalöndum Íslands.

Lagðar voru fram sjö tillögur til úrbóta í skýrslunni. Þær voru á ábyrgðarsviði ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis og fjölluðu m.a. um þörf á endurskoðun lögreglulaga, samvinnu og samráð, skipulag löggæslu, ökutæki og búnað lögreglu og tölvudeild ríkislögreglustjóra.

Brugðist hefur verið nokkuð skipulega við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá 2020, þó með tveimur undantekningum en ökutækjamál lögreglu þarf að skoða nánar sem og tölvudeild ríkislögreglustjóra. Að svo búnu telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að bregðast frekar við fimm ábendingum af sjö sem fram komu í skýrslu stofnunarinnar frá 2020.

# Ríkislögreglustjóri. Fjárreiður, stjórnsýsla og stjórnarhættir

Skýrslan [Ríkislögreglustjóri. Fjárreiður, stjórnsýsla og stjórnarhættir](#) (febrúar 2020) var unnin að beiðni ríkislögreglustjóra en með bréfi, dagsettu 5. júní 2019, óskaði ríkislögreglustjóri eftir að Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á rekstri bílamiðstöðvar embættisins. Sérstaklega var þess óskað að skoðað yrði hvaða áhrif framkvæmd laga um opinber fjármál nr. 123/2015 hefði haft á rekstur og endurnýjun ökutækja lögreglu. Þá yrðu jafnframt skoðaðar heimildir lögreglu til að taka á leigu bílaleigubifreiðar til notkunar sem auðkenndar lögreglubifreiðar og að slíkar bifreiðar væru skráðar til neyðaraksturs.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir viðhorfum og sjónarmiðum dómsmálaráðuneytis til beiðni ríkislögreglustjóra. Í svari þess kom fram að ráðuneytið hefði haft málefni bílamiðstöðvarinnar til skoðunar og að brátt yrði tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag hennar. Ráðuneytið var sammála ríkislögreglustjóra að þörf væri á úttekt Ríkisendurskoðunar. Þær breytingar sem orðið hefðu á embættinu á undanförunum árum réttlættu heildarúttekt á rekstri þess og verkefnum.

## Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 og viðbrögð

Í september 2019 tilkynnti Ríkisendurskoðun ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneyti að gerð yrði úttekt á fjárreiðum, stjórnsýslu og stjórnarháttum embættis ríkislögreglustjóra. Markmiðið væri að kanna hvernig ríkislögreglustjóri sinnir lög- og samningsbundnum verkefnum sínum en ákveðið var að skoða sérstaklega verklag og stjórnun innan embættisins og samskipti þess við önnur lögregluembætti. Áhersla var lögð á rekstur bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra, en rekstur hennar var lagður niður meðan á úttekt Ríkisendurskoðunar stóð. Einnig var ákveðið að skoða rekstur löggæslu í heild sinni með það að markmiði að kanna hvort unnt væri að ná fram aukinni hagkvæmni og skilvirkni í skipulagi löggæslu í landinu. Þá var litið til þróunar í skipulagi löggæslu í nágrenni löndum Íslands.

Í skýrslu sinni árið 2020 lagði Ríkisendurskoðun fram sjö tillögur til úrbóta. Sú fyrsta laut að nauðsyn þess að endurskoða lögreglulög nr. 90/1996.

### Endurskoða þarf lögreglulög

Skýra þarf hlutverk ríkislögreglustjóra og stöðu embættisins í skipulagi löggæslu hér á landi. Verkaskipting ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra þarf að vera skýr og hvaða valdmörk gilda varðandi yfirstjórnunarhlutverk ríkislögreglustjóra í umboði dómsmálaráðherra. Þá þarf að skýra hlutverk og ábyrgð nýstofnaðs lögregluráðs.

Í svörum sínum árið 2020 tók dómsmálaráðuneyti undir tillögu Ríkisendurskoðunar, enda taldi það reynsluna hafa sýnt að nauðsynlegt væri að endurskoða hvernig skipulag lögreglu og hlutverk lögreglustjóra væri skilgreint og útfært í lögum. Eitt þeirra atriða sem sérstaklega þyrfti að skoða væri viðvarandi ágreiningur innan lögreglu um hvort og þá hversu víðtækt boðvald ríkislögreglustjóri hefði gagnvart lögreglustjórum, sem einnig nytu tiltekins sjálfstæðis samkvæmt

lögum. Nauðsynlegt væri að huga sérstaklega að þessu valdajafnvægi við endurskipulagningu lögreglu. Til að bregðast við þessu hefði ráðherra falið sérfræðingum ráðuneytisins að semja reglugerð á grundvelli lögreglulaga um hlutverk og starfsemi embættis ríkislögreglustjóra, þar sem m.a. yrði skerpt á stöðu embættisins að þessu leyti og hlutverk þess útfært með skýrari hætti. Þá hefði hann skipað starfshóp sem hefði það hlutverk að vinna að greiningu á verkefnum og skipulagi lögreglu, einkum embættis ríkislögreglustjóra. Í starfshópnum ættu sæti fulltrúar ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis auk ráðgjafa ríkisstjórnarinnar. Eitt af verkefnum hópsins yrði að greina stöðu ríkislögreglustjóra að lögum og koma með tillögur að úrbótum á lagaumhverfi embættisins, m.a. að því er varðaði stöðu þess gagnvart ráðherra og valdmörk gagnvart öðrum lögreglustjórum.

Í svörum sínum frá 2020 fagnaði ríkislögreglustjóri úttekt Ríkisendurskoðunar á embættinu og taldi að í þeim tillögum sem komu fram í skýrslunni væru verðmætar ábendingar sem vert væri að taka til skoðunar. Mikilvægt væri að nýr ríkislögreglustjóri færi vel yfir þær og nýtti við frekari greiningu á verkefnum embættisins og framtíðarstefnumótun þess. Ríkislögreglustjóri brást að öðru leyti ekki við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá 2020.

Í svörum dómsmálaráðuneytis frá 2023 kom fram að búið væri að setja reglugerð nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra. Henni væri ætlað að tilgreina helstu verkefni embættisins og skýra hlutverk þess gagnvart embættum lögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri hafi með höndum samhæfingu og samræmingu í störfum lögreglu og annist ákveðna miðlæga þjónustu við lögregluembættin. Þannig geti lögreglustjórar leitað aðstoðar og stuðnings ríkislögreglustjóra í lögreglustörfum, þ.m.t. í tengslum við upplýsingamiðlun og ráðgjöf. Þá kom fram að búið væri að setja reglur um lögregluráð, sbr. 6. gr. lögreglulaga nr. 50/2021. Í því eigi sæti allir lögreglustjórar, þ. á m. héraðssaksóknari, en markmið ráðsins er að tryggja hagræðingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglu.

Ríkislögreglustjóri tók í sama streng í svörum sínum frá 2023, benti á setningu reglugerðar nr. 325/2021 um hlutverk og starfsemi embættis ríkislögreglustjóra og reglur um lögregluráð. Fyrir þann tíma hefðu verið settar reglur um ráðið frá 2020, byggt á heimild í 7. mgr. 6. gr. lögreglulaga, þar sem fram kom að störf lögreglu skyldu vera samræmd og samhæfð eftir því sem við verður komið.

**Hvað hefur gerst:** Búið er að setja sérstaka reglugerð um starfsemi, hlutverk og ábyrgð ríkislögreglustjóra. Þar er kveðið nánar á um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættisins. Þá hafa verið settar sérstakar reglur um lögregluráð, sbr. lög nr. 50/2021.

Önnur tillaga fjallaði um að auka yrði samvinnu og samráð ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra, m.a. með því að setja upp formlega vinnuhópa.

#### **Samvinna og samráð**

Auka þarf samvinnu og samráð ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra. Setja þarf upp formlega vinnuhópa til að greina og skrá helstu verkefni lögreglu. Semja þarf verklagsreglur og uppfæra með skipulögðum hætti. Ríkisendurskoðun telur að nýstofnað lögregluráð geti nýst vel við ofangreint.

Í svörum sínum árið 2020 tók dómismálaráðuneyti undir þessa tillögu og taldi að stórt skref hefði verið tekið í átt að aukinni samvinnu og samráði innan lögreglu með stofnun lögregluráðs. Með því væri komið á fót formlegum samráðsvettvangi lögreglustjóra þar sem tekin skyldu til umræðu öll mikilvæg málefni lögreglu og tryggt að ákvarðanir þeim tengdum yrðu aðeins teknar að undangengnu samráði, þ. á m. að semja og uppfæra verklagsreglur. Þá hefði áður nefndum starfshópi verið falið að hafa yfirumsjón með greiningu á verkefnum lögreglu í þeim tilgangi að leggja mat á hvort og þá hvaða breytingar á skipulagi lögreglu og verkaskiptingu milli lögregluembætta kynnu að vera til bóta.

Í svörum dómismálaráðuneytis við eftirfylgni árið 2023 kom fram að búið væri að lögfesta lögregluráð með lögum nr. 50/2021 auk reglna sem tóku gildi við stofnun þess í mars 2020. Þá hefði lögfræðingur verið ráðinn til embættis ríkislögreglustjóra sem hefði það meginhlutverk að sjá um uppfærslu og setningu nýrra verklagsreglna, í samræmi við hlutverk embættisins samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 325/2021. Þá hafi verið skipaður sérstakur starfshópur í febrúar 2022 um verkefni lögreglu. Í honum áttu sæti fulltrúar embætta ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra. Hlutverk hópsins var að fara heildstætt yfir verkefni lögreglu og gera tillögur að breytingum eftir því sem átti. Markmiðið var að auka skilvirkni í störfum lögreglunnar. Starfshópurinn skilaði 15 tillögum í fjórum flokkum til dómismálaráðherra í september 2022.

Í svörum sínum árið 2023 vísaði ríkislögreglustjóri einnig til lögfestingar lögregluráðs og reglna um ráðið sem tóku gildi 2020, þ.e. við stofnun þess. Þá gat ríkislögreglustjóri, líkt og dómismálaráðuneyti, um ráðningu lögfræðings til embættisins árið 2023. Ríkislögreglustjóri vísaði til þess að uppfærsla á verklagi hefði verið og myndi áfram verða borið undir lögreglustjóra og eftir atvikum lögregluráð í samræmi við reglur.

**Hvað hefur gerst:** Búið er að lögfesta lögregluráð með lögum nr. 50/2021 auk reglna sem tóku gildi við stofnun ráðsins í mars 2020. Einnig er búið að ráða lögfræðing til embættis ríkislögreglustjóra sem hefur það meginhlutverk að sjá um uppfærslu og setningu nýrra verklagsreglna í samræmi við hlutverk embættisins. Einnig var skipaður sérstakur starfshópur í febrúar 2022 um verkefni lögreglu. Starfshópurinn skilaði 15 tillögum í fjórum flokkum til dómismálaráðherra haustið 2022. Ríkisendurskoðun bendir á að mikilvægt sé að fylgja þessum tillögum eftir og að réttir aðilar vinni þannig skipulega úr tillögum starfshópsins.

Þriðja tillaga fjallaði um skipulag löggæslu og var bent á að skoða þyrfti uppbyggingu og skipulag hennar með hagkvæmni og skilvirkni í huga.

#### **Skipulag löggæslu**

Skoða þarf uppbyggingu og skipulag löggæslunnar í heild sinni með hagkvæmni og skilvirkni í huga. Nálgast þarf uppbyggingu og skipulag löggæslunnar með það fyrir augum að í framtíðinni starfi lögreglan á Íslandi sem eitt lið undir sameiginlegri stjórn, óháð fjölda umdæma eða fyrirkomulagi einstakra verkefna innan skipulagsins, hvort sem þau eru unnin á landsvísu eða í nærumhverfinu.

Í svörum sínum árið 2020 tók dómismálaráðuneyti undir tillögu Ríkisendurskoðunar en með stofnun lögregluráðs skyldi einmitt stefnt að því að skapa meiri einingu innan lögreglunnar og tryggja að lögreglan birtist í auknum mæli sem ein heild út á við.

Eins og fram kom í svörum dómismálaráðuneytis frá 2023 varðandi ábendingu tvö, þá var skipaður sérstakur starfshópur í febrúar 2022 um verkefni lögreglu. Hlutverk hans var að fara heildstætt yfir verkefni lögreglu og gera tillögur að breytingum. Starfshópurinn skilaði 15 tillögum í fjórum flokkum til dómismálaráðherra, en meðal tillagna var að leggja aukna áherslu á að setja samræmdar verklagsreglur um framkvæmd lögreglustarfa og að lögregluembættin tækju upp aukið samstarf um innra starf lögreglu. Að öðru leyti fjallaði hópurinn um aukna skilvirkni, sveigjanleika, samstarf og samvinnu, sérhæfingu og sérþekkingu og loks verkefni sem varða ekki framkvæmd lögreglustarfa með beinum hætti. Lögregluráð mun vinna áfram með tillögur starfshópsins og móta frekara samstarf á grundvelli skýrslunnar.

Þá var löggæsla eflid með auknu fjárframlagi í mars 2023. Samhliða því var kynnt áætlun dómismálaráðherra, ríkislögreglustjóra, lögregluembættanna, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara um eflingu í almennri löggæslu, bættan hraða í rannsókn kynferðisbrotamála, aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi og efling lögreglunáms.

Í svörum sínum frá 2023 vísaði ríkislögreglustjóri einnig til vinnu fyrrgreinds starfshóps og nefndi að afrakstur hennar hefði verið í fjórum flokkum: 1) aukin skilvirkni, 2) sveigjanleiki, samstarf og samvinna, 3) sérhæfing og sérþekking og 4) verkefni sem ekki varða framkvæmd lögreglustarfa með beinum hætti. Tillögur hópsins voru sem áður sagði 15 talsins en við vinnuna var litið til hlutverks lögreglu eins og það er sett fram í lögreglulögum og löggæsluáætlun, þ.e. öryggishlutverk, afbrotavarnarhlutverk, rannsóknarhlutverk, þjónustu- og hjálparhlutverk, aðstoðarhlutverk og samstarfshlutverk. Er það lögregluráðs að vinna frekar úr þessum tillögum starfshópsins. Enn fremur benti ríkislögreglustjóri á það í svörum sínum frá 2023 að hinn 9. mars 2023 hefði löggæsla verið eflid með sérstöku fjárframlagi.

**Hvað hefur gerst:** Starfshópur, sem hafði það hlutverk að fara heilstætt yfir verkefni lögreglu, og skipaður var í febrúar 2022, skilaði tillögum í 15 liðum. Er það hlutverk lögregluráðs að vinna nánar úr tillögunum. Mikilvægt er að sú vinna gangi hratt og vel fyrir sig.

Fjórða tillaga vísaði til þess að horfa þyrfti til reynslu annarra landa af skipulagsbreytingum.

#### **Reynsla annarra landa**

Horfa þarf til reynslu annarra landa af skipulagsbreytingum. Þróun í átt að aukinni samvinnu, samrekstri og sameiningu krefst mikils undirbúnings, skýrrar áætlunargerðar og góðs samráðs við mannauð lögreglu til að tryggja að framkvæmd slíkrar stefnu verði sem best.

Í svörum sínum árið 2020 benti dómismálaráðuneyti á að sífellt væri horft til þess hvernig skipulagi lögreglu væri háttað í þeim löndum sem við berum okkur almennt saman við, einkum Norðurlanda. Fylgst hefði verið með þeirri þróun sem þar hefði átt sér stað og það yrði áfram gert í tengslum við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglu.



Í svörum sínum árið 2023 benti dómsmálaráðuneyti á að það hefði fylgst náið með þeim skipulagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum hjá lögreglu á Norðurlöndum. Það væri mat ráðuneytisins að þær áskoranir sem lögregla stendur frammi fyrir og varða m.a. aukna alþjóðlega brotastarfsemi og brot sem eiga sér stað um netið, kalli enn frekar á að lögregla starfi sem ein heild. Brotin séu enda ekki bundin af landamærum einstakra ríkja og leiða til að áfram þarf að auka samstarf og samvinnu lögreglu, bæði á alþjóðavettvangi og innanlands.

Ríkislögreglustjóri benti á að eitt af hlutverkum embættisins væri að vera í alþjóðlegu og norrænu samstarfi á sviði löggæslumála og að ríkislögreglustjóri sé tengiliður við önnur ríki, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 325/2021. Mikil áhersla væri lögð á slíkt samstarf hjá embættinu, ekki síst á norrænum vettvangi. Starfsfólk ríkislögreglustjóra sitji í alþjóðlegum nefndum og vinnuhópum á hinum ýmsu sviðum löggæslu og hafi það samstarf orðið grundvöllur að auknu samstarfi innan lögreglunnar á Íslandi. Sem dæmi um norrænt samstarf nefnir ríkislögreglustjóri að sérfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra í innkaupum sitji í norrænum hópi um innkaup á búnaði lögreglu og vinni að því að byggja upp tengslanet til að auka enn frekar á samhæfingu innkaupa á búnaði íslensku lögreglunnar.

**Hvað hefur gerst:** Dómsmálaráðuneyti fylgist vel með skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað hjá lögreglu á Norðurlöndum og ríkislögreglustjóri tekur þátt í ýmiss konar alþjóðlegu samstarfi, þar á meðal norrænu. Birtist það m.a. í innkaupum á búnaði fyrir lögreglu.

Fimmta tillaga fjallaði um ökutæki lögreglu og að draga þyrfti lærdóm af rekstri bílamiðstöðvar.

### Ökutæki lögreglu

Draga þarf lærdóm af rekstri bílamiðstöðvar og koma á fót ásættanlegu kerfi í tengslum við ökutæki lögreglu. Gera þarf raunhæfar áætlanir um hvernig ná megji því markmiði að lögreglan hafi yfir að búa öflugum ökutækjakosti og að endurnýjun hans sé með reglubundnum hætti. Jafnframt þarf áfram að tryggja nauðsynlega samhæfingu og samræmingu um ökutæki lögreglu og búnað þeirra nú þegar bílamiðstöð hefur verið lögð niður.

Í svörum sínum frá 2020 benti dómsmálaráðuneyti á að í kjölfar þess að bílamiðstöð ríkislögreglustjóra hefði verið lögð niður hefði verið settur á fót starfshópur til að koma með tillögu að framtíðarfyrirkomulagi bifreiðamála lögreglu. Hópurinn skilaði af sér tillögum undir lok árs 2019 þar sem mælt var með blandaðri leið, þ.e. að lögregluembættum yrði annars vegar gert kleift að taka neyðarútkallsökutæki á langtímaleigu í gegnum sértækan rammisamning, og hins vegar að þau gætu fest kaup á eigin ökutækjum. Undirbúningur við útboðsgerð væri hafinn í samvinnu við Ríkiskaup og myndi embætti ríkislögreglustjóra verða eigandi rammisamningsins og halda utan um þjónustukaup og örutboð á grundvelli hans í samvinnu við viðkomandi lögregluembætti. Ríkislögreglustjóri myndi því áfram fara með það hlutverk að tryggja nauðsynlega samhæfingu og samræmingu um ökutæki lögreglu, m.a. með því að uppfæra og endurskoða reglur um neyðarútkallsökutæki eftir þörfum. Með því að heimila jafnframt lögreglustjórum að fjárfesta í eigin bifreiðum yrði veittur nauðsynlegur sveigjanleiki í rekstri bifreiðaflota lögreglu og hygði t.a.m. embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á að reka jafnt eigin

bifreiðar sem og að taka bifreiðar á langtímaleigu í því skyni að fá nothæfan samanburð á skilvirkni og hagkvæmni þessara tveggja kosta.

Fram kom í svörum dómsmálaráðuneytis 2023 að ráðuneytið hefði lagt ríka áherslu á að fyllstu hagkvæmni og samræmis sé gætt þegar kemur að ökutækjum og búnaði lögreglu. Ráðuneytið benti jafnframt á að í 13. gr. reglugerðar nr. 325/2021 komi fram að ríkislögreglustjóri skuli ákveða hvaða kröfur og skilyrði ökutæki, einkennisfatnaður og búnaður lögreglu skuli uppfylla, í samráði við lögregluráð og í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir. Í sömu grein komi fram að ríkislögreglustjóri geti haft milligöngu um tilfærslu ökutækja, búnaðar og einkennisfatnaðar milli lögregluembætta til að auka sveigjanleika og hagkvæmni í rekstri þeirra.

Í svörum sínum frá 2023 bendir ríkislögreglustjóri á að unnið sé að því að því að ná utan um innkaup á ökutækjum lögreglu í heild sinni en taka þurfi mið að því að lögregluembættin séu hvert og eitt sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæðan fjárhag. Samkvæmt svörum ríkislögreglustjóra er nú unnið að því að finna leiðir til að haga innkaupum með samræmdari og skilvirkari hætti.

Ríkislögreglustjóri bendir á að enn séu einhver lögregluembætti með bílaleigubíla í notkun en að sérfræðingur embættisins í innkaupum hafi fundað með hverjum og einum lögreglustjóra og farið yfir ökutækjamál og hvernig sé unnt að haga innkaupum. Í því sambandi hafi verið bent á rammasamning Ríkiskaupa um bíla en sá samningur er í endurskoðun. Inn í þessa umræðu blandast líka orkuskipti á ökutækjum en þar eru lögregluembættin mislangt á veg komin.

Að mati ríkislögreglustjóra þarf líka að stíga varlega til jarðar af fenginni reynslu. Embættið sér hins vegar fyrir sér að auðsótt væri að fara í rammasamningsútboð á ökutækjum, t.d. í nokkrum flokkum. Hefur í því tilliti m.a. verið horft í orkuskiptin og velt upp hvort ástæða væri til að nýta gagnvirk innkaupakerfi (e. *Dynamic Purchasing System* – DPS) þar sem tæknin er í hraðri þróun og auðveldara væri að halda í við hana. Þá hefur einnig verið velt upp hvort gera ætti samninga með öðrum Norðurlöndum um bíla. Í þessum innkaupum togast á áætlanir, þörf og fjárfestingaheimildir. Að mati ríkislögreglustjóra er erfitt að taka þátt í gerð samnings um innkaup eða taka þátt í stærri innkaupum án áætlunar.

Ríkislögreglustjóri bendir á að með því að gera rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi um lögreglubíla gæti hvert embætti fyrir sig eða með öðrum farið í örútböð innan samnings. Það sem hamlar helst er vöntun á áætlunum til að þátttakendur útboða geti gert sé hugmynd um stærð samnings. Embættið vinnur nú að því að móta stefnu til framtíðar í þessum efnum, sem og að fá öll lögregluembætti landsins að borðinu með það að markmiði að koma á ramma-samningi um innkaup á lögreglubifreiðum. Verður það eitt af áhersluverkefnum næsta árs.

**Hvað hefur gerst:** Innkaup lögreglu á ökutækjum hafa enn ekki verið samhæfð og samræmd þótt unnið sé að ýmsum úrbótum.

Sjötta tillaga vísaði til að endurskoða þyrfti fjármögnun á tölvudeild ríkislögreglustjóra.

### **Tölvudeild ríkislögreglustjóra**

Endurskoða þarf fjármögnun á tölvudeild ríkislögreglustjóra þannig að gert sé ráð fyrir rekstri deildarinnar í fjárheimildum ríkislögreglustjóra í stað þess að dreifa fjármunum til þeirra sem nýta sér þjónustu hennar. Slíkt eykur hagræði í formi vinnusparnaðar við útreikning einingarverðs og minnkar reikningaútgáfu á milli embætta.

Í svörum árið 2020 tók dómsmálaráðuneytið undir tillögu Ríkisendurskoðunar en benti á að breytt fyrirkomulag og rekstrarumhverfi deildarinnar væri málefni sem líklega yrði tekið til umfjöllunar á vettvangi lögregluráðs. Það myndi koma í hlut áðurnefnds starfshóps að huga að endurskipulagningu í samræmi við hlutverk hans að greina skipulag og verkefni embættisins.

Í svörum dómsmálaráðuneytis frá 2023 hvað varðar tölvudeild ríkislögreglustjóra kemur fram að ákveðin skref hafi verið tekin innan embættisins í þeim tilgangi að gera kostnaðarliði gegn-særi. Sú vinna sé komin vel á veg. Ráðuneytið telur mikilvægt að ljúka þeirri vinnu áður en tekin verður ákvörðun um tilfærslu fjárheimilda. Bendir ráðuneytið á að embættið beri skýra ábyrgð á upplýsingakerfi lögreglu en í 15. gr. reglugerðar nr. 325/2021 segir að ríkislögreglustjóri skuli reka og bera ábyrgð á upplýsingakerfum lögreglu, þ.m.t. miðlægu málakerfi sem heldur utan um öll verkefni lögreglu.

Samkvæmt svörum ríkislögreglustjóra frá 2023 hefur verið unnið að því að ná utan um fjármál og skipulag tölvudeildar embættisins, þ.m.t. að fara yfir reiknireglur og gera kostnaðarliði gegn-særi. Deildinni hafi verið skipt upp í tvær einingar, þ.e. kerfisrekstrar- og notendapjónustudeild og hugbúnaðarþróunardeild, til að annars vegar ná utan um kostnað við rekstur miðlægra kerfa og hins vegar þróun og viðhalds þess hugbúnaðar sem til staðar var, sem og þróun og innleiðingu á nýjum hugbúnaði. Þá var rekstur alþjóðakerfa aðgreindur fjárhagslega frá annarri starfsemi.

Ríkislögreglustjóri bendir jafnframt á að seinustu ár hafi meginhluti kostnaðar við rekstur tölvu-kerfa færst úr því að vera byggður á notendaleyfum yfir í kostnað við rekstur á innviðum lögreglu og miðlægra kerfa sem byggir á heimild til samtímanotkunar á búnaði fyrir ákveðinn fjölda. Þá sé ekki endilega sanngjarnt að deila kostnaði við miðlæg kerfi niður á embætti lögreglu miðað við starfsmannafjölda í hverju embætti, sér í lagi vegna sérhæfðra kerfa sem séu mismikið notuð eftir landshlutum. Aukin tölvuvæðing hafi jafnframt leitt til þess að krafa sé um hugbúnaðar- og/eða tölvuþjónustu í tengslum við nánast allan búnað lögreglu. Þar megi nefna rekstur ökutækja sem þurfa að vera tengd við skýjalausnir svo unnt sé að uppfæra hugbúnað þeirra og rafvarnarvopn sem þurfa einnig að vera tengd skýjalausnum til að geta miðlað gögnum inn í kerfi lögreglu.

Ríkislögreglustjóri tekur undir að mikilvægt sé að endurskoða fjármögnun tölvu-, tækja og hugbúnaðarþjónustu með því að einfalda rekstrarumhverfið, minnka utanumhald vegna innheimtu embætta og færa fjárheimildir beint til ríkislögreglustjóra. Það sé ekki hvað síst mikilvægt í ljósi þess að tölvu- og hugbúnaður sé í auknum mæli orðinn samofinn öllum verkefnum lögreglu.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur loks undir þá tillögu að fjárheimildir verði fluttar yfir til embættisins, þ.e.a.s. fjármögnun deildarinnar.

**Hvað hefur gerst:** Nokkuð hefur verið unnið að því að gera rekstur tölvudeildar ríkislögreglustjóra gegnsærri, m.a. hefur rekstrinum verið skipt upp í tvær einingar auk þess sem rekstur alþjóðakerfa hefur verið aðgreindur frá annarri starfsemi. Hins vegar hefur enn ekkert verið gert til þess að endurskoða mögulega tilfærslu fjárheimilda, þ.e.a.s. fjármögnun deildarinnar. Mikilvægt er að ljúka þeirri vinnu.

Sjöunda og síðasta tillagan fjallaði um búnað lögreglu og að tryggja þyrfti samræmingu í innkaupum lögregluembættanna.

### **Búnaður lögreglu**

Tryggja þarf með betri hætti samræmingu í innkaupum lögregluembætta þannig að ávallt sé gætt fyllstu hagkvæmni við innkaup á búnaði og fatnaði. Lögregluembættunum ber að virða umsjónarhlutverk ríkislögreglustjóra á þessu sviði og upplýsa hann með reglubundnum hætti um innkaup sín á búnaði svo unnt sé að gæta fyllsta samræmis og stuðla að hagkvæmum innkaupum. Að sama skapi þarf ríkislögreglustjóri að efla þjónustuhlutverk sitt þannig að óskum um búnaðarkaup sé sinnt hratt og örugglega.

Í svörum sínum árið 2020 tók dómsmálaráðuneyti undir tillögu Ríkisendurskoðunar, enda að mati þess eitt þeirra meginatriða sem þörf var á að tekið yrði til skoðunar. Ráðuneytið taldi það skýrt forgangsverkefni í fyrirhugaðri endurskipulagningu ríkislögreglustjóra að embættið yrði öflugur samræmingaraðili og þjónustustofnun fyrir önnur lögregluembætti. Í því fælist að embættið tæki að sér í auknum mæli að stýra innkaupum á búnaði fyrir lögregluna í heild sinni til að tryggja öryggi lögreglumanna, auka skilvirkni og stuðla að hagkvæmni. Stofnun lögreglu-ráðs væri mikilvægur þáttur í að svo gæti orðið, en gert væri ráð fyrir að málefni er lúta að búnaði lögreglu yrðu tekin fyrir í ráðinu og þannig tryggt að lögreglustjórar gæti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í svörum sínum árið 2023 benti dómsmálaráðuneyti á að ráðneytið fylgdist náið með þeirri vinnu sem á sér stað innan embættis ríkislögreglustjóra og varðar innkaupamál lögreglu. Telur ráðuneytið að tekin hafi verið skref í rétta átt. Þar sé að störfum sérfræðingur sem sinnir innkaupum og gegnir mikilvægu hlutverki varðandi sameiginleg útboð og rammasamninga. Hvað varðar einkennisfatnað lögreglu, þá vísast til reglugerðar sem sett var árið 2021 um einkennisfatnað og merkingar lögreglunnar, m.a. í þeim tilgangi að auka samræmi.

Í svörum sínum frá 2023 benti ríkislögreglustjóri á að sérstakur starfsmaður hefði tekið til starfa hjá embættinu árið 2021, m.a. til að bregðast ábendingum Ríkisendurskoðunar um búnað lögreglunnar; hann hafi með höndum að yfirfara kaup lögreglunnar í heild sinni á búnaði og vera í samráði og samstarfi við lögregluembættin. Í þessu sambandi skal starfsmaðurinn veita embættunum ráðgjöf varðandi innkaup og þær reglur og lagaheimildir sem liggja til grundvallar til að tryggja að lögum og reglum um opinber innkaup sé fylgt. Þá hefur ríkislögreglustjóri

aukið samstarf við önnur lönd, einkum Norðurlönd, um innkaup á búnaði. Loks eru innkaupamál rædd á vettvangi lögregluráðs.

**Hvað hefur gerst:** Dómsmálaráðuneyti fylgist náið með innkaupamálum lögreglu og ríkislögreglustjóri hefur ráðið sérstakan starfsmann sem fer með samræmingu innkaupamála og leiðbeinir lögregluembættum á þeim vettvangi.

RÍKISENDURSKOÐUN

Brítartúni 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri

Sími 448-8800 | [postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) | [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)